

Ferðamálaráð

13. fundur ferðamálaráðs

Fundurinn var haldinn hjá Ferðamálastofu fimmtudaginn 28. júní kl. 16.30.

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir, Jón Ásbergsson, Anna Sverrisdóttir, Helgi Már Björgvinsson, Ásbjörn Jónsson, Unnur Halldórsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Ólöf Ýrr Atladóttir áheyrnarfulltrúi. Sævar Skaptason og Dofri Hermannsson boðuðu forföll.

Svanhildur Konráðsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerð 12. fundar lögð fram. Samþykkt með áorðnum breytingum á orðalagi vegna árangursmats á verkefninu Ísland er með'etta.
2. ÓÝA kynnti fyrir ráðinu greinargerð ásamt drögum að fjárhagsáætlun, sem unnin var að beiðni ráðsins á möguleikum þess að ráðast í rannsókn á því hvort fjölsóttir ferðamannastaðir væru komnir að þolmörkum og hvort ferðamenn upplifðu skert gæði af þessum sökum. Eftir samráð við Dr. Önnu Dóru Sæþórsdóttur er það mat ferðamálastjóra að hvorki sé raunhæft vegna tíma- né fjárskorts að ráðast í nægilega umfangsmikla könnun sumarið 2012. Í greinargerð er lagt til að gerð verði spurningakönnun á níu áfangastöðum ferðamanna sumarið 2013 og búast mætti við verklokum og niðurstöðum í árslok 2013. Ferðamálastofa mun beita sér fyrir því að farið verði í umrædda rannsókn á næsta ári.
3. Miklar umræður urðu um möguleikana á takmarkaðri upplýsingaöflun í sumar sem þó gæfi vísbendingar um upplifun ferðamanna. Umræðunni um meint skaðleg áhrif ferðamanna þyrfti að mæta með ábyrgum hætti, afla upplýsinga um reynslu rekstraraðila og gesta og reyna þannig að draga úr skaðlegum áhrifum rangfærslna á ímynd greinarinnar. Formaður og ferðamálastjóri munu leita leiða til að koma inn sem fyrst viðbótarspurningum í brottfararkönnun sem Rannsóknir og ráðgjöf í ferðapjónustu framkvæma í Leifsstöð. Niðurstöður ættu að liggja fyrir með haustinu og gefa vísbendingar um upplifun á helstu stöðum í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 17.30.